

Nd.

527. Nefndarálit

[230. mál]

um frv. til l. um stjórn efnahagsmála o. fl.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndarmenn í fjárhags- og viðskiptanefnd Nd. sátu 5 fundi um þetta mál með fjárhags- og viðskiptanefnd Ed. Þar var farið yfir frv. Á þá fundi nefndanna bárust umsagnir þeirra aðila, sem drög að frumvarpinu, er lögð voru fram í febr. s. l., höfðu verið send til.

Það kom fram við athuganir á þeim umsögnum, að við endanlega gerð frv. hafði verið tekið tillit til ýmissa athugasemda. Enn fremur voru að tillögum meiri hluta fjárhags- og viðskiptanefndar gerðar breytingar vegna umsagnar aðila, eins og t. d. Verkamannasambandsins, að því er varðar áhrif viðskiptavísitölu á lægstu laun.

Á hina sameiginlegu fundi fjárhags- og viðskiptanefnda beggja deilda komu fulltrúar Vinnuveitendasambands Íslands, Verslunarráðs Íslands, Sjómannasambandsins, Farmanna- og fiskimannasambandsins, Sambands isl. bankamanna, Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Bandalags háskólanna.

Meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar Nd. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá Ed. Hins vegar hefur einn nefndarmanna, Kjartan Ólafsson, skrifað undir með fyrirvara, sem hann mun gera grein fyrir við umræðu um málið í hv. Nd.

Minni hlutinn, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, mun skila séráliti.

Alþingi, 5. apríl 1979.

Halldór E. Sigurðsson,
fundaskr., frsm.

Kjartan Ólafsson,
með fyrirvara.

Vilmundur Gylfason.

Bjarni Guðnason.

Þorbjörg Arnórsdóttir.